

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Guttorms hæstaréttarlögmanns Erlendssonar, kr. 600.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kjartansson, sæti varðhaldi 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Þórný Þuríður Tómasdóttir, sæti varðhaldi 30 daga.

Hún skal svipt rétti til að öðlast leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guttorms hæstaréttarlögmanns Erlendssonar, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. marz 1952.

Nr. 130/1951. **Ákæruvaldið** (Jón Ólafsson hdl.)

gegn

Jónasi Þorbergssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot í opinberu starfi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt málshöfðunarskipan og stefnu var mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsóknin hefur beinzt að fleiri sakaratriðum en héraðsdómari hefur lagt dóm á, en ákæruvaldið hefur með bréfi, dags. 10. marz þ. á., lýst því, að það krefjist þess ekki, að dómur verði lagður á fleiri atriði máls þessa en dæmd hafa verið í héraði. Verða því þau atriði ein dæmd í Hæstarétti, sbr. lögjöfnun frá 115. gr. laga nr. 27/ 1951.

I.

Ríkisútvarpið hefur haft á leigu húsnæði í húsi Póst- og símamálastjórnarinnar í Thorvaldsensstræti í Reykjavík. Í

leiguhúsnæðinu var eitt herbergi, sem virðist hafa verið ætlað formanni útvarpsráðs. Á öndverðu ári 1948 gerði póst- og símamálastjóri kröfu til þess að fá herbergi þetta, enda taldi hann nauðsyn bera til, að því yrði skilað úr leigu. Lýsti ákærði því á fundi útvarpsráðs, að hann teldi, að ekki yrði hjá því komizt að afhenda póst- og símamálastjóra herbergið. Útvarpsráð var andvígt afhendingu herbergisins og gerði um það ályktun. Eigi að síður lét ákærði rýma herbergið og afhenti leigusalanum það. Ekki verður talið, að ákærði sem framkvæmdarstjóri Ríkisútvarpsins hafi með þessari ráðstöfun sinni brotið nein ákvæði XIV. kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

1. Á fundi útvarpsráðs hinn 12. október 1948 lögðu tónlistarráðunautar Ríkisútvarpsins, þeir Páll Ísólfsen og Jón Þórarinnsson, til, að leitað yrði samninga við Björn Ólafsson fiðluleikara um að stofna og samæfa strengjakvartett, þar sem hann léki sem aðalmaður. Fullnaðarákvörðun um málið var ekki tekin á þessum fundi, en á fundi ráðsins hinn 19. s. m. var tillagan samþykkt. Skrifstofustjóri útvarpsráðs tilkynnti ákærða þessa ályktan með bréfi 6. nóvember s. á. Í bréfinu lýsir hann því, að nefndar hafi verið kr. 400.00 á mánuði sem hæfileg grunnlaun fyrir starfið og engin athugasemd við það gerð. Samkvæmt þessu réð ákærði hinn 8. nóvember 1948 Björn Ólafsson bráðabirgðaráðningu til að takast á hendur framangreint starf frá 1. sama mánaðar að telja með þeim grunnlaunum, sem áður segir, en það bar venju samkvæmt undir ákærða að gera slíka ráðningarsamninga. Ýmsir örðugleikar ollu því, að eigi var unnt að stofna strengjakvartettinn fyrr en í öndverðum nóvember 1949, og hefur Björn Ólafsson skýrt svo frá, að ekki hafi tekizt fyrr að fá hæfa menn í kvartettinn, en beðið hafði verið eftir nafngreindum manni, sem tafðist erlendis. Þar sem dráttur þessi varð af orsökum, sem ákærði átti enga sök á, og þess var jafnan vænzt fram eftir árinu 1949, að brátt mundi úr rætast, þykir ákærði, eins og á stóð, ekki verða sakfelldur, þótt launa-

greiðslur til Björns Ólafssonar fram til 1. nóvember 1949 væru ekki stöðvaðar.

2. Með bréfi 4. nóvember 1949 tilkynntu tónlistarráðunautar Ríkisútvarpsins ákærða, að undirbúningi undir stofnun kvartettsins væri lokið, og tilgreindu þrjá menn, er þeir lögðu til, að ráðnir yrðu fyrst um sinn auk Björns Ólafssonar til ellefu mánaða frá 1. nóvember 1949. Þá settu tónlistarráðunautarnir og fram tillögu um, að grunnlaun Björns Ólafssonar yrðu kr. 500.00 á mánuði, en hinna, hvers um sig, kr. 400.00. Loks stungu þeir upp á því, að gerður yrði sérstakur starfssamningur við hvern hinna fjögurra tónlistarmanna, og nefndu ýmis atriði, er þeir töldu rétt, að tekin yrðu upp í starfssamningana. Ákærði tilkynnti ekki útvarpsráði sérstaklega tillögur tónlistarráðunautanna, en fram er komið, að a. m. k. formaður útvarpsráðs fékk þegar í stað vitneskju um stofnun kvartettsins. Ákærði réð síðan hinn 16. nóvember 1949 hina tilgreindu kvartettsmenn og setti þeim erindisbréf.

Samkvæmt fyrrgreindri ályktun útvarpsráðs frá 19. október 1948 var ákærða rétt að ráða kvartettsmennina. Formaður útvarpsráðs á þeim tíma, er ráðningin fór fram, svo og sá, er tók við formennsku af honum, skýra svo frá, að útvarpsráði hafi frá upphafi verið kunnugt um tilvist kvartettsins, en hins vegar lýsir útvarpsráð því í bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 20. nóvember 1950, að því hafi ekki verið kunnugt um ráðningarkjör kvartettsmanna fyrr en sumarið 1950. Núverandi formaður útvarpsráðs, tónlistarráðunautur Ríkisútvarpsins svo og þáverandi skrifstofustjóri þess hafa allir lýst því fyrir dómi, að laun þau, sem kvartettsmönnum voru ákveðin í ráðningarsamningum hafi verið í samræmi við launakjör annarra sambærilegra hljóðfæraleikara við Ríkisútvarpið, enda er það og ljóst af öðrum sakargögnum. Þegar þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, verður ráðning kvartettsmanna ekki talin ákærða saknæm samkvæmt neinni grein XIV. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, enda þótt hann hefði átt að bera ráðningarkjörin undir útvarpsráð.

3. Þegar eftir að kvartetttinn hafði verið stofnaður, tóku kvartettsmenn að æfa sig. Höfðu þeir venjulega fjórar æfingar í viku. Samkvæmt ráðningarsamningum áttu þeir fyrst

um sinn að leika í útvarpið eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum, en síðar þrisvar í mánuði. Reyndin varð sú, að hljómlist kvartettsins var flutt þrettán sinnum af hljómplötum í útvarpinu, frá því að leikið var í fyrsta sinn í febrúarmánuði 1950 og til 1. nóvember s. á. Hljómplötur þessar urðu eign Ríkisútvarpsins. Sumarið 1950 fór einn kvartettsmanna, erlendur maður, til útlanda, og varð ekki úr, að hann kæmi aftur til Íslands. Afköst kvartettsins urðu þannig minni en til var skilið í ráðningarsamningi, en þeir þrír kvartettsmanna, sem eftir voru á Íslandi, bættu það upp að nokkru með því að leika fimm sinnum ókeypis í útvarpið næstu þrjá mánuðina á eftir.

Formaður útvarpsráðs kveðst hafa á sumrinu 1950 farið að kynna sér starfskjör og afköst kvartettsmanna. Hafi hann þá komið að þeirri niðurstöðu, að afköst þeirra væru minni en skyldi. Á fundum útvarpsráðs hafi mál þetta verið tekið til athugunar og það verið álit útvarpsráðsmanna, að ekki væri rétt að halda starfsemi kvartettsins áfram með þeim hætti, sem verið hefði. Var og kvartetttinn lagður niður frá 1. nóvember s. á., enda var þá og einn kvartettsmanna farinn af landi brott, svo sem áður segir.

Að vísu urðu afköst kvartettsmanna minni en gert var ráð fyrir í ráðningarsamningi þeirra, en ekkert er fram komið, sem bendi til þess, að vanrækslu ákærða sé um að kenna.

Samkvæmt framanskraðu ber að sýkna ákærða af þeim sakargiftum, sem getur í þessum kafla.

III.

Í VIII. kafla reglugerðar nr. 129/1944 um útvarpsrekstur ríkisins er svo kveðið á, að útvarpsstjóra sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að leggja í sérstakan sjóð tekjuafgang, sem verða kann á rekstri Ríkisútvarpsins og starfsdeilda þess. Nefnist sjóður þessi Framkvæmdasjóður ríkisútvarpsins og skal honum varið í þarfir Ríkisútvarpsins til bygginga o. fl. Ákærði hafði á hendi stjórn og gæzlu sjóðs þessa, og var sjóðurinn orðinn á árinu 1948 um sex miljónir króna. Þar sem Ríkisútvarpið notaði ekki sjóðinn að svo komnu, nema að litlu leyti, var fé hans ávaxtað með

kaupum á skuldabréfum o. fl. Ákvað menntamálaráðherra að veita ýmsum lán úr sjóðnum, þar á meðal nokkrum byggingasamvinnufélögum. Ákærði taldi sig hafa mikla aukavinnu í sambandi við gæzlu sjóðsins og vera vanhaldinn af að fá ekki sérstaka þóknun fyrir það. Hugkvæmdist honum þá, að greiðsla slíkrar þóknunar gæti farið fram með þeim hætti, að lántakendur sættu 2% afföllum af lánsfénu, og rynnu þau til hans. Áður en ákærði framkvæmdi hugmynd sína, fór hann á fund þáverandi fjármálaráðherra og kveðst hafa spurt hann að því, „hvort sér væri vítalaut sem embættismanni að taka hefðbundna þóknun, 2%, fyrir milligöngu um lán úr framkvæmdasjóði“, en hann hafði heyrt, að málflutningsmenn tækju þá þóknun fyrir útvegum lána. Eftir því sem ákærða minnir bezt, svaraði ráðherrann því hiklaust, að tæki hann að sér fyrir lántakendur störf, sem þeir að öðrum kosti yrðu að greiða fyrir, væri það sanngjarnt, að hann fengi greiðslu fyrir með sama hætti og aðrir, er slík verk önnuðust. Hafi ráðherrann verið ljóst, að lántakendur ættu að greiða gjald þetta, ef til kæmi. Samkvæmt þessu taldi ákærði öruggt, að endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins mundi ekki gagnrýna það, þótt lántökugjaldið væri tekið, enda þótt svar ráðherrans veitti honum ekki „embættislega“ heimild til töku þóknunarinnar.

Ráðherra sá, er í hlut átti, minnst þess, að ákærði hafi, er þeir áttu tal saman, skotið fram þeirri spurningu, hvort honum „sýndist ekki“, að ákærði „ætti þóknun skilið fyrir milligöngu í lántökum“, en ráðherrann minnst þess ekki, „að spurningin hafi verið ýtarlegri en þetta og tölur hafi áreiðanlega engar verið nefndar né hundraðshlutar“. Segir ráðherrann, að svar sitt hafi verið á þá leið, „að sér virtist, að ef hann (þ. e. ákærði) ynni fyrir einhverja menn einhver aukaverk, sem viðkomandi menn þyrftu, hvort sem væri, að kaupa út, þá virtist sér, að hann ætti einhverja þóknun skilið.“

1. Á árinu 1948, eftir að framangreint viðtal fór fram, fékk byggingasamvinnufélagið Hofgarður samkvæmt heimild menntamálaráðherra lán, að fjárhæð kr. 590.000.00, úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins. Þáverandi formaður bygg-

ingasamvinnufélags þessa hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að í samningum um lánið hafi ákærði spurt hann, hvort félagið hefði þurft, er það tók áður lán, að greiða ómakslaun fyrir milligöngu. Kveðst formaðurinn hafa svarað því, að svo hefði verið um sum lánin og að ómakslaunin hefðu að jafnaði verið 2% af fjárhæðinni. Hafði ákærði þá spurt, hvort félaginu þætti ósanngjarnt að greiða 2% ómakslaun af þessu láni, og kveðst formaðurinn hafa talið það ekki vera og sömu skoðunar hafi samstjórnendur hans í félaginu verið. Voru ákærða síðan greidd 2% af láni því, er veitt var. Í kvittun ákærða fyrir hluta af lántökugjaldinu stendur: „Lántökugjaldið er ákveðið í samráði við fjármálaráðherra.“ Ákærði telur, að kvittun fyrir hinum hluta lántökugjaldsins hafi verið eins orðuð, en sú kvittun hefur eigi komið fram í málinu.

2. Á sama ári fékk Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur samkvæmt heimild menntamálaráðherra þrjú lán, samtals að fjárhæð kr. 700.000.00, úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins. Þáverandi formaður byggingasamvinnufélagsins skýrir svo frá, að í umræðunum um lánið hafi ákærði tekið fram, að hann tæki 2% lántökugjald, eins og annars staðar tíðkaðist, og væri það með vitund fjármálaráðuneytisins. Kveðst formaðurinn strax hafa fallið á að greiða lántökugjaldið. Á kvittanir fyrir lántökugjaldinu ritaði ákærði ýmist, að það væri ákveðið með vitund fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytisins.

3. Á árinu 1949 hugðust stjórnendur Byggingasamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins að fá kr. 300.000.00 lán úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins, og bar fyrirvarsmaður byggingasamvinnufélagsins fram málaleitun um þetta við skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins, sem síðan mun hafa rætt um það við ákærða. Ákærði kvaddi því næst nefndan fyrirvarsmann á fund sinn og tjáði honum, að lánið mundi vafalaust fást, og skildist fyrirvarsmanninum á orðum ákærða, að venja væri, að ákærði fengi 2% af lánsfénu, en ákærði kveðst hins vegar hafa skýrt fyrirvarsmanni byggingafélagsins frá því, að tvö byggingafélög, sem áður höfðu fengið lán úr sjóðnum, hefðu greitt sér 2% fyrir að annast undirbúning lánsins og skjalagerð. Spurði fyrirvarsmaður-

inn þá ákærða, hvort hann hefði leyfi menntamálaráðherra til töku lántökugjaldsins. Ákærði kvað svo ekki vera, en þetta væri gert með vitund fjármálaráðherra. Fyrirsvarsmaðurinn kvaðst ekki geta gengið að þessu, nema tala um það við menntamálaráðuneytið. Kom nú málið fyrir menntamálaráðherra. Ráðherrann tjáði ákærða, að hann teldi þetta rangt og enn fremur mjög ámælisvert, að ákærði hefði ekki borið það undir menntamálaráðuneytið. Kveðst ráðherrann hafa sagt ákærða, að ekki kæmi til mála, að embættismenn gætu tekið til sín slíka þóknun, og hann yrði að endurgreiða áður nefndum tveimur byggingasamvinnufélögum lántökugjald það, er hann hefði tekið af þeim. Ákærði varð þegar við kröfu ráðherrans um endurgreiðslu og endurgreiddi byggingasamvinnufélagunum lántökugjaldið 9. og 15. febrúar 1949.

Menntamálaráðherra hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi veitt ákærða áminningu fyrir gjaldtökuna og það hafi verið ætlun sín, að mál þetta væri þar með útkljáð af ráðuneytinu og að til annarra ráðstafana gegn ákærða kæmi ekki af þessu efni. Stjórnvöld höfðust síðan ekkert að í málinu gegn ákærða fyrr en 21. nóvember 1950, er menntamálaráðuneytið beiddist þess í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, að það léti fara fram rannsókn á fjárstjórn Ríkisútvarpsins og embættisrekstri ákærða. En tilefni þess var ádeilurit skrifstofu stjóra útvarpsráðs á hendur ákærða.

Svo sem getið hefur verið, hefur sú raun orðið á um meðferð Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins, að honum hefur ekki nema að litlu leyti verið varið til húsbygginga og annarra framkvæmda í þágu Ríkisútvarpsins, heldur hefur fé hans verið ávaxtað. Ákærði taldi gæzlu sjóðsins valda sér allmiklu auknu erfiði og ábyrgð, sem réttmætt væri, að hann fengi nokkra aukapóknun fyrir. Þar sem svo stóð á, hefði hann átt að leita til menntamálaráðherra um að fá slíka þóknun með löglegum hætti. Þetta gerði ákærði ekki. Var því framangreind gjaldtaka ákærða svo og tilmæli hans um þóknun við fyrirsvarsmann Byggingasamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins ólögmæt og refsiverð samkvæmt 128. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir háttsemi ákærða við lánveitingu úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins til Landssíma Íslands hinn 24. október 1949 eigi vera saknæm.

V.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber á það að líta, að gjaldið, sem ákærði tók, var hátt. Hins vegar eru ýmsar málsbætur fyrir hendi. Ákærði leyndi ekki stjórnvöld landsins að öllu fyrirætlunum sínum, þar sem hann fór á fund fjármálaráðherrans og ræddi við hann um málið með þeim hætti, sem að framan greinir, þótt ráðherraum og ákærða beri að vísu á milli um samtalið. Lántakendum mátti vera ljóst, að greiðsla lántökugjaldsins til ákærða var ekki skilyrði fyrir lánveitingu, þar sem menntamálaráðherra veitti lánsheimildirnar, og ekki eru sönnur að því leiddar, að skírskotun ákærða til fjármálaráðherra um lántökugjaldið hafi verið gerð í blekkingarskyni eða verið ákvörðunarástæða lántakenda fyrir greiðslu gjaldsins. Þá endurgreiddi ákærði þegar og viðstöðulaust lántökuþóknunina, er menntamálaráðherra krafðist þess, og bætti þannig að fullu tjón af broti sínu. Loks sætti ákærði áminningu af hendi menntamálaráðherra, og var mál ákærða síðan látið kyrrt liggja hátt á annað ár, áður en rannsókn var hafin á hendur honum. Með tilvísun til alls þess, er nú hefur rakið verið, þykir rétt að dæma ákærða sekt til ríkissjóðs, sem ákveðst með hliðsjón af efnahag hans, sbr. 51. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, kr. 9000.00, er afplánist varðhaldi 60 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þorbergsson, greiði kr. 9000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 60 daga í stað sektarinnar,

ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Jóns Ólafssonar og hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Við erum sammála I., II. og IV. kafla dómsatkvæðis meiri hlutans.

Um III. kafla.

Eins og greinir í héraðsdómi, hafði ákærði undir höndum sjóð, er nefndist Framkvæmdasjóður ríkisútvarpsins, sbr. VIII. kafla reglugerðar nr. 129/1944. Í nefndum kafla er þess ekki getið, hvernig sjóð þenna skuli ávaxta. Safnaðist mikið fé í sjóðinn, og var þá farið að veita lán úr honum með samþykki menntamálaráðherra, sem hefur yfirstjórn útvarpsmála. Lán þessi voru yfirleitt veitt ríkissjóði og ríkisstofnunum svo og byggingasamvinnufélögum með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt skrá, dags. 24. nóvember 1950, voru skuldbréf sjóðsins þá orðin 15 að tölu frá 9 lántökum, og var fjárhæð þeirra samtals tæplega 5 miljónir króna. Lán þessi voru veitt á árunum 1947—1950. Eftir að byrjað var að veita lán úr sjóðnum, kom ákærða til hugar að taka sjálfum sér til handa greiðslu frá lántakendum, 2% af lánsfjárhæð. Þetta kom fyrst til greina, er byggingasamvinnufélagið Hofgarður tók lán úr sjóðnum hinn 8. janúar 1948 og Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur hinn 15. s. m. Ákærða var kunnugt um, að endurskoðandi, er fjármálaráðherra nefndi til, mundi fara yfir reikninga félaga þessara, þar eð ríkissjóður var í ábyrgð fyrir lánunum. Hlaut því gjaldtakan að koma fyrir hans sjónir, og kveður ákærði sér hafa verið það ljóst.

Áður en lán þessi voru afgreidd, fór ákærði á fund þáverandi fjármálaráðherra, og í samræðum þeirra um ýmis efni vék ákærði að því, hvort ráðherrann teldi ekki, að hann ætti skilið þóknun fyrir milligöngu um lántökur, og kveðst ráðherrann hafa skilið spurninguna svo, að m. a. hafi ákærði átt við lántökur úr „sjóðum útvarpsins“. Ráðherrann hefur borið það sem vitni, að honum hafi þegar verið ljóst, að sér væri mál þetta óviðkomandi, en þó svarað ákærða strax lauslega, að sér virtist, að ef ákærði ynni einhver aukaverk fyrir aðra menn, sem þeir þyrftu hvort sem væri að greiða fyrir, þá virtist sér hann eiga einhverja þóknun skilið. Kveðst ráðherrann hafa sagt þetta sem persónulegt álit sitt, og engar tölur né hundradshlutar hafi verið nefndir. Ákærði hefur viðurkennt, að skýrsla ráðherrans sé í höfuðatriðum rétt. Kveðst hann þó í samtalinu hafa getið þess, að um störf væri að ræða, sem málflutningsmenn önnuðust venjulega fyrir hefðbundna þóknun, 2%. Nánar virðist ekki hafa verið um þetta rætt.

Á árinu 1948 fékk byggingasamvinnufélagið Hofgarður 2 lán úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins, samtals að fjárhæð 590 þúsund krónur. Tók ákærði sér til handa 2% af lánum þessum, eða samtals kr. 11.800.00. Á sama ári fékk Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur 3 lán úr sjóðnum, samtals að fjárhæð kr. 700.000.00, og tók ákærði einnig af þeim lánum 2% sér til handa, eða samtals kr. 14.000.00.

Formaður félagsins Hofgarðs hefur borið sem vitni, að ákærði hafi spurt hann, hvort félaginu þætti ósanngjarnt að greiða 2% ómakslaun, og taldi hann það ekki vera. Greiddi hann síðan ákærða gjald þetta, og gaf ákærði kvittun fyrir hvorri greiðslunni um sig. Aðeins önnur kvittananna hefur verið lögð fram í málinu. Kvittar ákærði þar fyrir „lántökugjald“, er hann nefnir svo, „2% af kr. 340.000.00“. Loks segir í kvittuninni: „Lántökugjaldið er ákveðið í samráði við fjármálaráðherra.“

Formaður Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur samdi við ákærða um lán þess félags. Kveður hann ákærða hafa tekið fram, „að hann tæki 2% af láninu, eins og annars staðar tíðkaðist.“ Enn fremur hafi hann látið í ljós, að hann hefði

til þessa samþykki fjármálaráðuneytisins, eða a. m. k. að því ráðuneyti væri um þetta kunnugt og hefði ekkert við það að athuga. Elgi verður séð, að ákærði hafi verið spurður um samtal þetta.

Ákærði kvittar í þrennu lagi fyrir gjaldtöku sinni af lán- um þessum, enda voru þau þrjú. Kallar hann hana ýmist „lántökugjald“ eða „kostnað við lántöku.“ Í tveimur af kvittunum þessum er kveðið svo að orði, að lántökugjaldið sé „ákveðið með vitund fjármálaráðherra,“ en í einni, að það sé „ákveðið með vitund fjármálaráðuneytisins.“

Ekki hafði ákærði vikið að því við fjármálaráðherra, hvort hann mætti skírskota til þess við lántakendur, að gjöld þessi væru tekin í samráði við hann eða með hans vitund, og virðist ráðherrann ekki hafa fengið vitneskju um það fyrr en nærfellt ári síðar.

Á öndverðu ári 1949 fór Byggingasamvinnufélag starfsmanna stjórnarráðsins þess á leit að fá lán úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins. Átti einn félagsmanna, Magnús Björnsson ríkisbókari, tal við ákærða um lántökuna. Skýrir hann svo frá, að ákærði hafi talið vafalaust, að lánið mundi fást, en sagzt jafnframt vilja skýra honum frá því, að sú venja hefði skapast, að hann fengi 2% af lánsfénu sem þóknun fyrir að annast skjalagerð og formsatriði í sambandi við lánveitingarnar. Væri þetta gert með vitund fjármálaráðherra. Ákærði hefur ekki neitað þessu. Ríkisbókari skýrði síðan menntamálaráðherra frá þessu, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Krafðist menntamálaráðherra, sem áður var ókunnugt um gjaldtökur þessar, að ákærði endurgreiddi hlutað eigandi félögum fjárhæðirnar, og veitti honum átölur fyrir töku gjaldanna. Ákærði endurgreiddi féð síðan án tafar samkvæmt kröfu ráðherrans.

Þegar menntamálaráðherra hafði samþykkt lánveitingar þær, sem að framan greinir, áttu lántakendur rétt á að fá fulla fjárhæð lánanna, þar sem engin afföll höfðu verið áskilin. Ákærði hefur borið það fram til réttlætningar gjaldtökunni, að lánveitingar úr sjóðnum hafi verið utan starfs sviðs hans sem útvarpsstjóra, þar sem ákvæði reglugerðar nr. 129/1944 geri ekki ráð fyrir slíkri lánastarfsemi. Á þetta

verður ekki fallizt, enda var sú ávöxtun sjóðsins, sem um var að ræða, í samræmi við ávöxtun ýmissa annarra sam-bærilegra opinberra sjóða. Enn fremur hefur ákærði fært það fram, að samkvæmt samtali því við fjármálaráðherra, sem áður greinir, hafi hann haft ástæðu til að ætla, að gjaldtakan yrði ekki átalín. Hann kannast þó við, að hann hafi ekki litið á svar ráðherrans sem „embættislega heimild“ til töku gjalds-ins, enda var honum ljóst, að málefni útvarpsins heyrðu ekki undir fjármálaráðherra. Verður ekki talið, að hið lauslega samtal ákærða við fjármálaráðherra hafi veitt honum neina stoð til gjaldtökunnar, svo að til málsbóta geti talizt. Sú árit-un á kvittanir, að gjaldið væri ákveðið í samráði við fjár-málaráðherra eða með vitund hans, var því heimildarlaus og til þess fallin að villa lántakendum og endurskoðendum fjármálaráðuneytisins sýn um heimild ákærða til gjaldtök-unnar. Af prófum málsins er hins vegar ekki ljóst, hvort fyrir-svarsmenn lántakenda hafi innt gjaldið af höndum sökum þess, að þeir hafi álitið það lögmætan hluta lánsskilyrða.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, þykir mega staðfesta þá ályktun héraðsdómara, að framangreindur verknaður ákærða varði við 128. gr. laga nr. 19/1940. Telst refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði.

Þar sem ákærða hefur aldrei áður verið refsað, skýrslur hans í prófum málsins eru hreinskilnislegar og hann hefur að fullu bætt brot sitt með endurgreiðslu hins ólöglega gjalds, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Um ákvörðun sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti-
erum við sammála dómsatkvæði meiri hlutans.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Ákærði, Jónas Þorbergsson, sæti varðhaldi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir

Hæstarétti, Jóns Ólafssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00 til hvors.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. maí 1951.

Ár 1951, mánudaginn 7. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1556/1951: Ákærvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni, sem tekið var til dóms hinn 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjóra, Ásvallagötu 1 hér í bæ, fyrir brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. janúar 1885 á Helgastöðum í Reykjadal, og hefur aldrei sætt refsingu.

Hinn 16. nóvember s. l. birtist í Morgunblaðinu greinin „Fjárstjórn útvarpsins“ eftir Helga Hjörvar, skrifstofustjóra útvarpsráðs, og hinn 20. sama mánaðar kom út bæklingurinn „Hverjir eiga ekki að stela“ eftir sama höfund. Í báðum þessum ritsmíðum er harðlega deilt á ákærða fyrir stjórn hans á fjármálum Ríkisútvarpsins, fjárdrátt, mútur og fleiri ávirðingar.

Sama dag og bæklingurinn kom út, ritaði ákærði menntamálaráðuneytinu bréf, þar sem hann æskti rannsóknar í tilefni af ádeilum þessum.

Hinn 18. nóvember s. l. samþykkti útvarpsráð, að það teldi „óhjákvæmlega nauðsyn vegna stofnunarinnar, eins og málum er nú komið, að ýtarleg rannsókn fari fram út af margendurteknum áburði skrifstofustjóra á hendur útvarpsstjóra um fjárdrátt og aðrar sakir.“ Þessa ályktun sendi útvarpsráð menntamálaráðuneytinu hinn 20. nóvember, og daginn eftir æskti menntamálaráðuneytið þess, að dómsmálaráðuneytið gerði þegar ráðstafanir til þess, að fram færi rannsókn „á fjárstjórn Ríkisútvarpsins og embættisrekstri útvarpsstjóra.“ Dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði samdægurs rannsókn þessa, og fór hún síðan fram, þó þannig, að hún var takmörkuð við þau atriði, sem fram komu í ádeilum skrifstofustjórans.

Aðalatriðin í ádeilunum eru í því fólgin, að ákærði hafi dregið sér fé í embætti sínu og að ákærði hafi á óheildarlegan hátt greitt tveimur tengdasonum sínum fé fyrir þátttöku þeirra í Strengjakvartett ríkisútvarpsins og að eigi hafi verið fylgt starfsvenjum útvarpsins við mannaaðningar í kvartettinn. Inn í rannsókn máls þessa hafa að vísu fléttast önnur atriði, svo sem afhending ákærða árið 1948 á herbergi einu til Póst- og símamálastjórnarinnar, sem útvarpið hafði haft á leigu í Landssímahúsinu, og atvik í sambandi við hana, sem allmjög bar á góma í bæklingnum. Ljóst þykir, að atriði þessi verða eigi talin saknæm ákærða, og þykir eigi ástæða til að rekja atvik þeirra hér.

Verður nú lýst í höfuðdráttum málavöxtum um framangreind aðal-

atriði þessa máls, ásökunina um fjárdrátt og mútur og um óráðvendni í sambandi við Strengjakvartett ríkisútvarpsins og brot á starfsvenjum í sambandi við stofnun hans, eftir því sem fram hefur komið um þá í rannsókn málsins. Þykir hentugra að rekja fyrst málavexti um sið-arnefnda atriðið.

Á fundi útvarpsráðs 12. október 1948 kom fram tillaga frá dr. Páli Ísólfsyni, tónlistarráðunaut útvarpsins, og Jóni Þórarinssyni, tónlistarfulltrúa stofnunarinnar, um, að leitað yrði samninga við Björn Ólafsson fiðluleikara, tengdason ákærða, um, að hann undirbyggi samæfðan strokkvartett fyrir útvarpið, þar sem hann léki sem aðalmaður. Tillagan var rædd nokkuð og vel tekið, en fullnaðarákvörðun frestað.

Á fundi útvarpsráðs 19. október 1948 var samþykkt, að leitað yrði samninga við Björn Ólafsson fiðluleikara um að undirbúa og æfa strokkvartett, þar sem hann væri aðalmaður. Samþykkt þessi var send útvarpsstjóra í útdrætti úr gerðabók ráðsins, svo sem venja var um ákvarðanir ráðsins. Ekki kemur það fram í gerðabók ráðsins, að tónlistardeild útvarpsins hafi verið falið að leita samninga við fiðluleikarann, en af tónlistarráðunautsins og tónlistarfulltrúans hálfu — en þeir virðast vera aðalmenn tónlistardeildarinnar — er því haldið fram, að ráðið hafi falið tónlistardeildinni þetta, enda liggi það í hlutarins eðli, að hún hafi átt að gera þetta í samráði við útvarpsstjóra. Hvort sem tónlistardeildinni hefur sérstaklega verið falið þetta verk eða ekki, innti hún það af höndum, og virðist það engum andmælum hafa sætt. Tónlistardeildin og ákærði sömdu síðan við fiðluleikarann, og tók hann að sér að undirbúa stofnun strokkvartetts, sem hann væri aðalmaður í, og stjórna honum, þegar hann væri kominn á fót.

Með bréfi ákærða, dagsettu 8. nóvember 1948, var fiðluleikarinn ráðinn bráðabirgðaráðningu til framangreinds hlutverks frá byrjun þess mánaðar og honum ákveðin mánaðarlaun, kr. 400.00 auk dýrtíðaruppbótar, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Þessi launaupphæð hafði komið til tals á fundi útvarpsráðs og engum andmælum sætt.

Hið fyrsta, sem fyrir fiðluleikaranum lá, var að velja samstarfsmenn í kvartettinn, og varð það úr, að hann valdi í hann þá Jón Sen fiðluleikara, tengdason ákærða, Einar Vigfússon celluleikara og Hans Stephanek violaleikara. Hinn siðastnefndi var á þessum tíma í Vínarborg, en væntanlegur hingað til að taka við kennslustörfum í Tónlistarskólanum, sem hann hafði verið ráðinn til. Einar Vigfússon var við nám erlendis, og hefði annar orðið fyrir valinu í hans stað, hefði Stephanek komið hingað í tæka tíð. Sú varð raunin á, að Stephanek kom ekki hingað til lands fyrr en í október 1949. Hafði verið búizt við því, að hann kæmi þá og þegar, en það dróst ætíð úr hömlu, og var drátturinn á því, að kvartettinn gæti tekið til starfa, forstöðumanni hans mikið áhyggju-efni.

Eftir komu Stephaneks hingað til landsins haustið 1949 ritaði tónlistardeildin útvarpsstjóra bréf, dagsett 4. nóvember 1949, þar sem frá því er

skýrt, að undirbúningi að stofnun kvartettsins sé lokið, og lagt er til, að áðurnefndir tónlistarmenn verði ráðnir í kvartetttinn frá byrjun þess mánaðar til ellefu mánaða fyrst um sinn, og verði mánaðarlaun stjórnandans kr. 500.00 auk dýrtíðaruppbótar, en mánaðarlaun hinna kr. 400.00 auk dýrtíðaruppbótar. Er síðan í bréfi þessu rætt um, hverjar skyldur skuli hvíla á kvartetttinum um æfingar, tónleika í útvarpsdagskránni o. fl.

Með bréfum ákærða, dagsettum 16. nóvember 1949, voru framangreindir tónlistarmenn síðan ráðnir í kvartetttinn frá byrjun þess mánaðar til ellefu mánaða, samkvæmt tillögum tónlistardeildarinnar um laun og skyldur, og þeim sett erindisbréf.

Um sömu mundir var efnt til hádegisverðar að Hótel Borg í tilefni af stofnun kvartettsins. Voru þar saman komnir þáverandi formaður útvarpsráðsins, Sigurður Jakob Benediktsson magister, ákærði, tónlistarráðunautur og tónlistarfulltrúi útvarpsins auk kvartettsmannanna sjálfra. Við þetta tækifæri lýsti formaður útvarpsráðs því yfir í ræðu, að tilmælum ákærða, að kvartetttinn væri stofnaður, og hlaut hann nafnið Strengjakvartett ríkisútvarpsins.

Kvartetttinn tók nú til starfa við æfingar, og hinn 10. febrúar 1950 kom hann fyrst fram í dagskrá útvarpsins. Hann kom ellefu sinnum fram í dagskránni á árinu, en lék auk þess inn á grammófónplötur fyrir sumarleyfi, svo sem áskilið var í erindisbréfum kvartettsmanna. Síðastliðið sumar fór Stephanek til Vínarborgar, og var eigi við öðru búizt en að hann yrði fluttur hingað búferlum 1. september s.l., þegar kvartetttinn átti að taka til starfa að loknu sumarleyfi.

Sú varð þó ekki raunin, því að hann hefur ekki enn komið, og er það einkum talið stafa af heilsuleysi konu hans.

Vegna þessa varð kvartetttinn óstarfhæfur, og lauk því tilvist hans, þegar ráðningartími þátttakendanna í honum rann út. Þeir þrír, sem hér voru, leituðust við að bæta upp með einleik og samleik í dagskrá útvarpsins vanhöld þau, sem urðu á tónleikum kvartettsins.

Með bréfum ákærða, dagsettum 31. janúar 1950, var ráðningartímabil þeirra Jóns Sens og Einars Vigfússonar framlengt um mánuð eða upp í eitt ár til 31. október 1950. Var þetta gert samkvæmt tillögu tónlistardeildarinnar, en þá tillögu hafði deildin gert vegna tilmæla þeirra Jóns og Einars vegna nýorðinnar fyrirkomulagsbreytingar á greiðslu dýrtíðaruppbótar. Á þessum tíma var kvartetttinn starfandi, og var enginn vafi á því talinn, að starfsemi hans héldi áfram, enda hafði ekkert komið fram, sem benti til, að breytingar á skipun kvartettsins væru æskilegar.

Launagreiðslur til kvartettsmannanna fóru fram samkvæmt ráðninga-
bréfum þeirra, að því undanskildu, að Stephanek fékk eigi greidd laun nema til ágústloka s.l.

Við athugun á launum kvartettsmannanna og annarra hljóðfæraleikara við útvarpið verður eigi séð, að mánaðarleg laun hinna fyrrgreindu séu í ósamræmi við laun hinna, þegar tillit er og tekið til hinna listrænu krafna, sem til þeirra voru gerðar. Hins vegar urðu ófyrirsjáanleg atvik til þess, að afköst kvartettsins í dagskránni urðu mun minni en til var

ætlaðt, og sé heildarkostnaðinum við kvartettinn frá því fyrsta deilt á þau ellefu skipti, sem hann kom fram í dagskránni, eins og skrifstofustjóri útvarpsráðs gerði í ádeilum sínum á ákærða, verður kostnaðurinn tiltakanlega mikill.

Á því virðist eigi leika vafi, að útvarpsráði hafi frá stofnun kvartettsins verið kunnugt um tilvist hans. Er það meðal annars ljóst af því, að formaður ráðsins lýsti yfir stofnun hans við áðurgreindan hádegisverð, og prentaðar vikudagskrár voru fyrirfram lagðar fyrir hvern einstakan útvarpsráðsmann. Gerði útvarpsráð og aldrei athugasemd við, að hann starfaði.

Á þeim tíma, sem ráðning kvartettsmannanna fór fram, var sá háttur yfirleitt á hafður um ráðningu fastráðinna hljóðfæraleikara við útvarpið, að tónlistardeildin gerði tillögur um ráðninguna og ráðningarkjörin til útvarpsráðs, ráðið gerði ályktun um tillögurnar og sendi ályktanir sínar, væru tillögurnar samþykktar, útvarpsstjóra, sem síðan annaðist gerð ráðningarsamninganna. Eigi hefur það tíðkæzt, að útvarpsstjóri tilkynnti útvarpsráði þær aðgerðir sínar.

Skrifstofustjóri útvarpsráðs hefur haldið því fram, að ákærði hafi ekki haft heimild til að ráða kvartettinn, nema bera ráðninguna og kjörin undir útvarpsráð, en það hafi hann eigi gert. Telur hann ákærða hafa með þessu brotið rötgrónar venjur stofnunarinnar.

Að vísu bar ákærði eigi ráðningu kvartettsmannanna undir útvarpsráð, en ráðið hafði, eins og áður segir, samþykkt að leita samninga um stofnun kvartettsins, og launagreiðsla til stjórnandans, 400 króna grunnlaun á mánuði, komið til tals á fundi ráðsins, án þess að andmælum væri hreyft. Auk þessa voru kjör kvartettsmanna í samræmi við kjör annarra fastráðinna hljóðfæraleikara við stofnunina og eðli málsins samkvæmt, að forstöðumaður kvartettsins réði, hverjir samstarfsmenn sínir væru.

Að öllu athuguðu, verður eigi séð, að ákærði hafi með afskiptum sínum af kvartettinum eða stofnun hans gerzt brotlegur við neitt ákvæði XIV. kafla hegningarlaganna.

Það, sem skrifstofustjórinn kveðst í skrifum sínum eiga við með ásökunum sínum í garð ákærða um fjárdrátt og mútur, er, að hann hafi áskilið sér og tekið 2%, sem hann muni hafa kallað lántökugjald, af lánum, sem hann hafi veitt úr bygginga- eða framkvæmdasjóði útvarpsins.

Verða nú raktir málavextir um þetta atriði:

Í VIII. kafla reglugerðar nr. 129 21. desember 1944 um útvarpsrekstur ríkisins eru ákvæði um Framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins, þar á meðal, að eigi megi verja úr honum fé, nema til komi hverju sinni samþykki menntamálaráðuneytisins. Ákærði var sem útvarpsstjóri vörzlumaður sjóðsins, en eignir sjóðsins virðast nú, eftir því sem fyrir liggur, nema rúmum sex milljónum króna.

Árið 1948 var orðið erfitt um að fá lán í lánsstofnunum til bygginga og ýmissa framkvæmda, og var þá fast sótt á, einkum af byggingasamvinnufélögum, að fá lán úr sjóðnum, en fyrir þenna tíma höfðu með

samþykki menntamálaráðuneytisins verið veitt lán úr sjóðnum til ýmissa framkvæmda.

Ákærði hafði heyrt, að ef lán fengjust á annað borð manna á meðal, væru þau með nokkrum afarkostum, svo sem háum afföllum, og alkunna var, að málflutningsmenn, sem önnuðust lántökur fyrir aðra, tækju sem hefðbundna þóknun til sín 2% af lánsfjárhæðinni. Kom ákærða þá til hugar, hvort sér leyfðist ekki að taka sama hundraðshluta af lánum, sem veitt yrðu úr sjóðnum, ef hann annaðist, lántakendum annars að kostnaðarlausu, skjalagerð varðandi lánin og annað það, sem málflutningsmenn annars önnuðust við lántökur. Um þessar mundir höfðu Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur og Samvinnubyggingafélagið Hofgarður, bæði hér í bæ, sótt um lán úr sjóðnum, og hafði ákærði hug á að fá framangreindan hundraðshluta í þóknun eða lántökugjald af lánum til félaga þessara, ef veitt yrðu. Hann bar hugmynd sína um þóknunina í tal við skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins og að hann hefði hugsað sér að ræða þetta atriði við fjármálaráðherra sem yfirmann hinnar „kritisku“ endurskoðunar fjármálaráðuneytisins. Heldur ákærði því fram, að skrifstofustjórinn hafi hvorki kvatt sig né latt um töku þóknunarinnar, en verið því fylgjandi, að ákærði bæri málefni þetta undir fjármálaráðherrann, ef hann á annað borð hugsaði sér að fara þessa leið. Skrifstofustjórinn minnst þess ekki að hafa látið í ljós neitt álit á þessari hugmynd ákærða, en muni þó hafa samsinnat því, að rétt væri, að ákærði ræddi málið við fjármálaráðherrann.

Hugmynd ákærða var ekki sú, að sjóðurinn greiddi lántökugjaldið, eða að taka þess yrði á neinn hátt honum til tjóns, heldur að lántakendur greiddu það. Honum var ljóst, að nefnd byggingasamvinnufélög, sem voru að sækja um lán úr sjóðnum, voru menntamálaráðuneytinu óviðkomandi, en vegna ríkisábyrgðarinnar á lánum til þeirra lögum samkvæmt mundu reikningar þeirra sæta endurskoðun fjármálaráðuneytisins, og hlytu kvittanir fyrir hinu fyrirhugaða lántökugjaldi því að koma fyrir ráðuneytið við þá endurskoðun. Enn fremur taldi ákærði, að öll vafaatriði um slík mál sem þetta kæmu undir álit fjármálaráðherra.

Ákærða hugkvæmdist ekki að ræða við menntamálaráðuneytið, sem embætti útvarpsstjóra annars heyrir undir, um margvíslega lántökugjaldshugmynd sína né leita samþykkis þess á henni, heldur ákvað að leita munnlegs samþykkis fjármálaráðherrans, sem þá var Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður, á henni. Eigi kveðst ákærði hafa leitað skriflegrar umsagnar fjármálaráðherra um þetta efni, meðal annars sökum þess að sér hafi verið ljóst, að embætti sitt heyrði ekki undir hann, nema að því er varðaði endurskoðun, í öðru lagi, að sér hafi ekki virzt málið þannig vaxið, að honum bæri að snúa sér til hans embættislega með bréfi, og í þriðja lagi hafi hann talið munnlegar yfirlýsingar ráðherra jafngilda skriflegum.

Ákærði fór nú á fund fjármálaráðherrans og ræddi við hann. Hvorugur þeirra man, hvaða dag þetta gerðist, en ákærði fullyrðir, að það hafi verið, áður en hann tók lántökugjaldið, og hefur ekkert komið fram, sem

hnekki þeirri staðhæfingu. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi í þessu samtali lagt þá spurningu fyrir ráðherrann, hvort sér væri það vítalaut sem embættismanni að taka hefðbundna þóknun, 2%, fyrir að hafa milli-göngu um lán úr framkvæmdasjóði, sjá um gerðir lánskjala og annað, sem til greina kæmi við lántökur, lántakendum að öðru leyti að kostnaðarlausu. Eftir því sem ákærða minnir bezt, svaraði ráðherrann því hiklaust, að ef ákærði tæki að sér störf fyrir lántakendur, sem þeir að öðrum kosti þyrftu að greiða fyrir, teldi hann sanngjarnt, að ákærða væri fyrir það greitt á sama hátt og þeim öðrum, sem slík störf önnuðust. Segir ákærði, að fullur skilningur beggja hafi verið á því, að gjald þetta yrði, ef til kæmi, greitt af lántakendum.

Um þetta samtal hefur þáverandi fjármálaráðherra, Jóhann Þ. Jósefsson, skýrt svo frá sem vitni, að ákærði hafi eitt sinn komið ótilkvaddur til sín í skrifstofu sína, og þeir ræðzt þar við góða stund. Hafi samtal þetta að sínu áliti fremur verið rabb en embættissamtal, og minnir hann, að ákærði hæfi samtalið á þá lund, að sér hafi litizt koma hans fremur vera kurteisheimsókn en erindisrekstur, enda taldi ráðherrann ákærða og útvarpsstjóraembættið sínu ráðuneyti óviðkomandi. Auk umræðna um daginn og veginn barst í tal þeirra, að ásókn væri eftir lánnum úr framkvæmdasjóði útvarpsins og að byggingasamvinnufélög vildu fá slík lán, meðal annars Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur og Samvinnu-byggingafélagið Hofgarður, en ríkissjóður var, að fullnægðum lögbundnum skilyrðum, ábyrgur fyrir byggingalánnum þessara félaga. Eigi man ráðherrann, hvort ákærði sagði, að lán til þessara félaga væru að einhverju leyti veitt eða að samningaumleitanið stæðu yfir um þau, en þeir hafi rætt um þessi lán almennt og samtalið drepizt mjög á dreif. Einhvern tíma í samtalinu segir hann ákærða hafa skotið því fram, hvort ráðherra virtist hann ekki eiga þóknun skilið fyrir milligöngu um lántökur, og minnist ráðherra þess ekki, að spurningin hafi verið ýtarlegri en þetta, og tölur hafi áreiðanlega eigi verið nefndar né hundraðshlutar. Ekki lagði ráðherra þann skilning í spurningu ákærða, að með henni væri sérstaklega við það átt, hvort ákærði ætti þóknun skilið fyrir lánveitingar úr sjóðum útvarpsins, heldur ætti hún við þetta atriði meðal annars. Ráðherra kveðst strax hafa séð, að spurning þessi var sett fram á röngum stað og sér væri þetta mál óviðkomandi, en hafa þó svarað ákærða strax lauslega og þá frekast haft fyrir augum, að hann væri að segja persónulegt álit sitt á málinu. Svar sitt hafi verið á þá leið, að sér virtist, að ef ákærði ynni fyrir einhverja menn einhver aukaverk, sem viðkomandi menn þyrftu hvort sem væri að kaupa út, virtist sér, að hann ætti einhverja þóknun skilið. Hann kvaðst gjörla muna, að hann hafi notað orðið „aukaverk“ í svari sínu, en hvort hann skilgreindi, hvað hann ætti við með því orði, man hann ekki, en býst naumast við, að hann hafi gert það, sökum þess að sér hafi verið ljóst, að spurningin kæmi sér í rauninni ekkert við. Hins vegar kveðst hann hafa haft í huga, að aukaverk þessi væru verk, unnin utan útvarpsstjóraembættisins. Eigi minnist hann þess, að samtalið væri ýtarlegra um þetta.

Hér ber og þess að geta, að ráðherrann ritaði ákærða bréf, dagsett 7. janúar 1950, þar sem hann lýsir aðalatriðum samtalsins á sama hátt og nú var rakið, en þetta bréf ritaði hann, sökum þess að honum hafði borizt til eyrna orðrómur um, að ákærði hefði tekið í þóknun til sín vissan hundraðshluta af lánum, veittum úr framkvæmdasjóðnum, og ritað á kvittanirnar, að þóknun þessi væri tekin með vitund eða leyfi fjármálaráðherra. Þessu bréfi svaraði ákærði tveimur dögum síðar og lýsti þar efni samtals síns og ráðherrans frá sínu sjónarmiði og þeim skilningi, sem ákærði hafði lagt í ummæli ráðherrans í því.

Við samprófun ákærða og ráðherrans um þetta samtal hafa þeir, hvor um sig, haldið við þær skýrslur, sem nú hafa verið raktar. Ákærði skýrði þá svo frá, að spurning sín sé sér sérstaklega minnisstæð, vegna þess að hann hafi áður verið búinn að hugsa sér, hvernig hann ætti að bera hana upp, og hafi það verið aðalerindi sitt til ráðherrans að fá svar við henni. Hins vegar hefur ákærði skýrt svo frá, að ónæðisamt hafi verið í skrifstofu ráðherrans, meðan á samtali þeirra stóð, og vilji hann því ekki fullyrða, að ráðherrann hafi heyrt spurninguna gjörlla. Hafi sér þó virzt svar ráðherrans mjög ákveðið, og að sínu áliti hafi ekki verið við annað átt í því en störf fyrir lántakendur úr framkvæmdasjóðnum.

Ákærði hefur tekið það fram, að hann hafi ekki litið á svarið sem embættislega heimild ráðherrans til töku gjaldsins, heldur þóttist hann mega skilja það svo, að í því fælist ótvírætt öryggi um það, að taka gjaldsins mundi ekki sæta gagnrýni hinnar „kritisku“ endurskoðunar fjármálaráðuneytisins.

Upp úr þessu samtali og á árinu 1948 veitti ákærði með samþykki menntamálaráðuneytisins Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur 700000 króna lán úr framkvæmdasjóðnum og Samvinnubyggingafélaginu Hofgarði 590000 króna lán úr sama sjóði. Annaðist ákærði skjalagerð og önnur formsatriði við lánin, lántakendum að kostnaðarlausu að öðru leyti en því, að hann tók 2% lántökugjald til sjálfs sín, (án þess að hafa leitað samþykkis menntamálaráðuneytisins), og taldi sig hafa heimild til þess eða það vera sér vítalaut samkvæmt áður nefndu samtali við fjármálaráðherra. Elgi hafði gjald þetta áhrif á framkvæmdasjóðinn, þar eð lántakendur greiddu það.

Lánið til Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur var greitt í þrennu lagi, og gaf ákærði þrjár kvittanir fyrir lántökugjaldinu til sín, samtals kr. 14000.00, og tók fram í tveimur þeirra, að lántökugjaldið væri ákveðið með vitund fjármálaráðherra, en í einni, að það væri ákveðið með vitund fjármálaráðuneytisins. Af hálfu félagsins samdi þáverandi formaður þess, Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, við ákærða um lán þetta, og hefur hann skýrt svo frá, að í viðræðunum um lánið hafi ákærði tekið fram, að hann tæki 2% lántökugjald af láninu, eins og annars staðar tíðkaðist, og hefði til þess samþykki fjármálaráðuneytisins eða að í orðum hans hafi falizt, að fjármálaráðuneytið vissi um þetta og hefði ekkert við það að athuga að minnsta kosti. Hefur þessi formaður félagsins

skýrt svo frá, að lánskjörin hafi verið stórum betri en þá tíðkaðist, vegna þess að lánið var affallalaust.

Samkvæmt skuldabréfum framkvæmdasjóðsins og kvittunum ákærða fyrir lántökugjaldinu voru dagsetningar skuldabréfa láns þessa og kvittana ákærða fyrir lántökugjaldinu þessar:

1. Skuldabréf, útgefið 14. janúar 1948, kr. 400000.00. Kvittun fyrir lántökugjaldinu, kr. 8000.00, dagsett 15. janúar 1948.
2. Skuldabréf, útgefið 8. október 1948, kr. 250000.00. Kvittun fyrir lántökugjaldinu, kr. 5000.00, dagsett 14. október 1948.
3. Skuldabréf, útgefið 8. nóvember 1948, kr. 50000.00. Kvittun fyrir lántökugjaldinu, kr. 1000.00, dagsett 30. desember 1948,

og er í henni beinlínis tekið fram, að greiðslan hafi farið fram þann dag.

Lánið til Samvinnubyggingafélagsins Hofgarðs var greitt í tvennu lagi, og gaf ákærði tvær kvittanir fyrir lántökugjaldinu, samtals kr. 11800.00. Önnur þeirra mun hafa glatazt, en í hinni er tekið fram, að lántökugjaldið sé ákveðið í samráði við fjármálaráðherra. Er talið, að hin kvittunin hafi verið eins að þessu leyti. Af hálfu þessa félags samdi þáverandi formaður þess, Ólafur Gizur Guðbjörnsson sjómaður, við ákærða um lánið. Hefur hann skýrt svo frá, að í samningunum um lánið hafi ákærði spurt sig, hvort félagið hefði ekki við fyrri lántökur þurft að greiða ómakslaun, og hafi hann (formaðurinn) sagt svo vera, því þannig hafði það verið við sum lán félagsins, og minnr hann, að þau væru að jafnaði 2% lánsfjárins. Hafi ákærði þá spurt, hvort félaginu þætti ósanngjarnt að greiða 2% ómakslaun af láninu, og taldi formaðurinn það ekki vera, og voru meðstjórnendur hans á sama máli að hans sögn.

Skuldabréf fyrir láni þessu eru tvö, annað kr. 250000.00, útgefið 8. janúar 1948, en hitt kr. 340000.00, útgefið 8. maí 1948. Kvittun sú fyrir lántökugjaldinu, sem til er, er dagsett 8. maí 1948, og er um lántökugjaldið, kr. 6800.00, af lánsfjárhæðinni samkvæmt skuldabréfinu, sem gefið var út þann dag.

Lántökugjaldið af lánsfjárhæðinni samkvæmt skuldabréfinu, sem út var gefið 8. janúar 1948, er í bókum samvinnubyggingafélagsins fært til útgjalda sama dag, en kvittunin hefur eigi komið fram, svo sem áður segir.

Lántökugjald af báðum þessum lánunum var þannig alls kr. 25800.00, sem rann til ákærða.

Í ársbyrjun 1949 leitaði Magnús Björnsson ríkisbókari fyrir hönd Byggingasamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins fyrir sér um lán úr framkvæmdasjóðnum og átti um þetta tal við ákærða, sem tók erindi hans vel, en gat þess jafnframt, að framangreint lántökugjald hefði verið greitt. Óljóst er, hvernig orð féllu um þetta, en í viðtalinu kom fram, að ákærði taldi sig eiga að fá 2% lántökugjald af láninu, ef til veitingar þess kæmi. Ríkisbókari spurði ákærða, hvort hann hefði leyfi menntamálaráðherra til töku gjalds þessa. Það sagði ákærði ekki vera, en hann hefði talað um þetta við fjármálaráðherra, sem ekkert hefði fundið við þetta að athuga, enda væri þetta sama þóknun og lögfræðingar tækju

fyrir milligöngu sína um lán. Ríkisbókari kvaðst ekki geta gengið að greiðslu lántökugjaldsins, nema ræða málið fyrst við menntamálaráðuneytið.

Sama dag átti ríkisbókari tal um þetta við menntamálaráðherrann, Eystein Jónsson, og skrifstofustjórann í menntamálaráðuneytinu, Birgi Thorlacius. Ákvað ráðherrann að hafa tal af ákærða um málið, en síðar sama dag gekk ákærði ótilkvaddur á fund skrifstofustjórans til að skýra honum frá málinu, og var svo um talað þeirra á milli, að ákærði gengi fyrir menntamálaráðherrann og skýrði honum frá málinu. Daginn eftir fór ákærði á fund menntamálaráðherrans og skýrði honum frá töku lántökugjaldsins. Kvaðst hann hafa talið eðlilegt, að hann fengi fyrir sína fyrirhöfn sem svaraði venjulegri lántökubóknun til þeirra, sem útvega lán í einkaviðskiptum. Hann kvaðst hafa spurt fjármálaráðherrann, hvort hann teldi ekki eðlilegt, að hann fengi slíka bóknun, og hafi ráðherrann talið það sanngjarnt. Kveðst ákærði hafa skýrt menntamálaráðherranum í þessu samtali frá því viðtali sínu við fjármálaráðherrann, sem áður er skýrt frá. Menntamálaráðherra tjáði ákærða strax, að hann teldi töku lántökugjaldsins ranga og enn fremur mjög ámælisvert að hafa ekki borið þetta málefni undir menntamálaráðuneytið. Það væri álit sitt, að ekki kæmi til mála, að embættismenn gætu tekið til sín slíka bóknun, og að ákærði yrði að endurgreiða lántökugjaldið, að viðstöddum starfsmanni úr ráðuneytinu, og mundi ráðherrann síðan íhuga, hvort ástæða væri til að gera frekari ráðstafanir út af þessu. Að gefnu tilefni frá ráðherranum skýrði ákærði honum svo frá, að engar bréfagerðir hefðu farið milli sín og fjármálaráðherrans um þetta málefni, og benti ráðherrann ákærða þá á að fara á fund fjármálaráðherra og óska eftir, að hann staðfesti við sig það, sem ákærði bar hann fyrir. Lauk svo þessu samtali án frekari ákvarðana.

Ákærði kveðst hafa farið daginn eftir á fund fjármálaráðherra og tjáð honum, hverjar hefðu verið undirtektir menntamálaráðherra og að sig skipti miklu, að hann (fjármálaráðherra) staðfesti fyrra viðtal þeirra um lántökugjaldið. Segir ákærði ráðherrann hafa tekið því vel og ritað yfirlýsingu, sem hann hafi sagzt mundu láta menntamálaráðherra í té um málið. Hafi hann lesið sér hana, og minnir ákærða, að hún væri mjög í samræmi við það, sem þeim hafði upphaflega farið á milli, eins og áður er rakið eftir skýrslu ákærða. Eigi minnst ráðherrann, að þetta síðara samtal við ákærða færi fram, en kveðst þó ekki vilja bera á móti því, enda þótt sig reki ekki minni til þess. Í framhaldi af þessu ræddust menntamálaráðherrann og fjármálaráðherrann við um málið, og skýrði sá síðarnefndi þeim fyrrnefnda svo frá, að eftir því sem sig minnti bezt, hefði hann sagt ákærða í margnefndu samtali, að hefði hann við lánveitingarnar unnið störf fyrir lántakanda eða annað, sem lántakandi hefði annars þurft að fá keypta aðstoð við, þá virtist hann verður þess að fá bóknun fyrir.

Mjög bráðlega eftir síðara viðtalið, sem ákærði kveðst hafa átt við fjármálaráðherra, gekk ákærði á fund menntamálaráðherra og skýrði

honum svo frá, að fjármálaráðherrann mundi staðfesta við hann það, sem þeim hefði farið á milli um lántökugjaldið. Jafnframt lýsti ákærði því yfir, að hann vildi ekki búa við vanþóknun yfirboðara síns og óskaði eftir að endurgreiða lántökugjaldið strax og að sú endurgreiðsla færi fram í menntamálaráðuneytinu, að viðstöddum þeim vottum, sem ráðherrann kveddi til. Þetta samþykkti ráðherrann, og fór full endurgreiðsla til beggja félaganna fram í menntamálaráðuneytinu hinn 9. febrúar 1949, að viðstöddum skrifstofustjóra ráðuneytisins. Hefur ráðherrann lýst því yfir, að þegar hann hafði veitt ákærða áminningu fyrir töku gjaldsins og endurgreiðslan hafði farið fram, hafi það verið ætlun sín, að málið væri þar með endanlega útkljáð af ráðuneytinu og til annarra ráðstafana gagnvart ákærða kæmi ekki vegna þess.

Byggingasamvinnufélag starfsmanna stjórnarráðsins fékk úr framkvæmdasjóði lán það, sem áður er um getið, að það vildi fá, og án alls lántökugjalds, og hefur ákærði eigi áskilið sér eða tekið lántökugjald af neinu láni úr sjóðnum, síðan framangreindir atburðir gerðust.

Hinn 1. apríl 1949 réð ákærði hdl. Jóhannes Eliasson lögfræðilegan ráðunaut Ríkisútvarpsins, og skyldu laun hans vera kr. 500.00 á mánuði án dýrtíðaruppbótar. Nokkru síðar var héraðsdómslögmanninum falin varzla skuldabréfa framkvæmdasjóðsins og skrifstofuleg innheimta fyrir hann, og skyldu laun greidd fyrir það sérstaklega. Eigi sömdu héraðsdómslögmaðurinn og ákærði um, hver þau laun skyldu vera, heldur bar sá fyrrnefndi það undir stjórn Lögmannafélags Íslands, hver væru hæfileg laun fyrir það starf, en hún hefur eigi leyst úr því atriði.

Hinn 24. október 1949 veitti framkvæmdasjóðurinn Landssíma Íslands 500000 króna lán. Höfðu ákærði og póst- og símamálastjóri ræðzt við um lánveitinguna og komið saman um, að lántakandi greiddi 1% af lánsfjárhæðinni til lánveitanda. Heldur ákærði því fram, að greiðsla þessi hafi verið boðin fram af lántakanda hálfu, og er því eigi andmælt af póst- og símamálastjóra, sem eigi kveðst muna, hvor aðili minntist fyrst á gjald þetta. Héraðsdómslögmaðurinn bjó út lánskjölin og greiddi lánið og tók við lántökugjaldinu, kr. 5000.00. Færði hann ákærða fé þetta í því skyni, að það rynni í framkvæmdasjóðinn, en ákærði taldi þá rétt, að það rynni til héraðsdómslögmannsins upp í laun hans fyrir störfin við sjóðinn, því hann hafði þá ekkert fengið greitt fyrir þau, og varð það úr. Hinn 11. ágúst 1950 voru héraðsdómslögmanninum greiddar kr. 12000.00 fyrir störf hans við sjóðinn, en við þá greiðslu gleymdist áðurnefnd 5000 króna greiðsla, og biður það úrskurðar Lögmannafélags Íslands um, hver séu hæfileg laun fyrir störf héraðsdómslögmannsins við sjóðinn, hvort til endurgreiðslu kemur af hans hálfu eða eigi.

Í rannsókn málsins skýrði ákærði svo frá, að sér væri ókunnugt um lántökugjald af lánum veittum úr sjóðum, hliðstæðum framkvæmdasjóðnum, en við ákvörðun lántökugjaldsins af lánunum til Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur og Samvinnubyggingafélagsins Hofgarðs hefði hann haft í huga venjur málflutningsmanna í sambandi við milligöngu um lán og undirbúning lánveitinga.

Aflað hefur verið upplýsinga um, hvort lántökugjald sé tekið í Tryggingarstofnun ríkisins, Söfnunarsjóði Íslands, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Almennum tryggingum h/f af veittum lánum, og er svo eigi, nema í Söfnunarsjóði Íslands. Þar er lántökugjald 2%, sem rennur til sjóðsins. Forstjórar eða starfsmenn þessara stofnana njóta engra fríðinda af lánveitingum þeirra.

Formaður Lögmannafélags Íslands hefur upplýst, að hann telji það vera venju málflutningsmanna, þegar þeir útvegi lán, að taka 2% af lánsupphæðinni í þóknun. Muni þetta vera svo að segja undantekningarlaus regla, ef lánið er til langs tíma, árs eða lengur, en afsláttur ef til vill gefinn, sé lánið til skemmri tíma. Í lánsútvegum felst fyrirhöfnin við að útvega lánveitanda og ganga frá lánsskjöllum, þar á meðal að sjá um undirskriftir og nauðsynlegar þinglýsingar. Við útboð opinberra lána er þóknun mun minni en 2%, enda er starf málflutningsmannsins við það allt annað og minna.

Þegar athugað er, hvort afskipti ákærða af framangreindum lánveitingum varði við XIV. kafla hegningarlaganna þykir ljóst, að afskipti hans af láninu til Landssíma Íslands og viðtaka lántökugjaldsins af því sjóðnum til handa geti ekki varðað við neitt ákvæði kaflans.

Störf ákærða í þágu Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins voru einn þáttur útvarpsstjóraembættisins, og var eigi heimilað í lögum eða reglugerðum, að ákærði fengi sérstaka þóknun fyrir þau störf, hvorki sem beina greiðslu né sem hundraðshluta af lánum, veittum úr sjóðnum. Það starf, sem ákærði innti af hendi við lánveitingar úr sjóðnum, var eigi sambærilegt við starf málflutningsmanna við lánsútveganir, einkum vegna þess að þann þátt starfs málflutningsmannsins að útvega lán, sem oft er erfiðleikum bundið, vantaði í starf ákærða við lánveitingar úr sjóðnum. Hefur ákærði þó einmitt vitnað í þóknun málflutningsmanna fyrir milligöngu í lánveitingum sem eina höfuðástæðuna til réttlætningar töku sinni á lántökugjaldinu.

Það verður því talið ljóst, að ákærði hafi hvorki að lögum né eðli málsins samkvæmt átt tilkall til lántökugjaldsins. Kemur þá til álita, hvort hann hafi haft einhverja sérstaka heimild stjórnvalda til töku þessa gjalds, og kemur í því efni ekki annað til greina en samtal hans við fjármálaráðherrann, sem áður er rakið. Ákærða og ráðherrann greinir nokkuð á um, hvað þeim hafi farið á milli í samtali þessu, og virðist ákærði hafa lagt mun ríkari skilning í orð ráðherrans en til var ætlað af ráðherrans hálfu. Eigi leit ákærði þó, að sjálfs sín sögn, á svar ráðherrans sem embættislega heimild frá honum til töku gjaldsins. Er þess einnig að gæta, að ákærði bar fram spurningu sína við ráðherrann inni í allöngu lauslegu samtali um ýms efni og að embætti ákærða heyrði ekki undir fjármálaráðuneytið, heldur menntamálaráðuneytið, og hefði ákærði því átt að leita til þess ráðuneytis í þessu efni.

Að þessu athuguðu og með tilliti til málavaxta að öðru leyti þykir ákærði eigi hafa haft sérstaka heimild stjórnvalda til töku gjaldsins

né næga ástæðu til að ætla, að taka gjaldsins mundi eigi sæta aðfinnslum stjórnvalda.

Hins vegar verður það, sem milli ákærða og fjármálaráðherrans fór í margnefndu samtali, að metast ákærða til málsbóta. Fyrir töku gjaldsins sætti ákærði miklum aðfinnslum menntamálaráðherra í ársbyrjun 1949 og endurgreiddi þá allan hagnað sinn af töku gjaldsins til rétttra aðilja. Menntamálaráðuneytið lét máli þessu þar með lokið, og var það, svo sem áður segir, ætlun menntamálaráðherra, að til annarra ráðstafana kæmi ekki gagnvart ákærða vegna þess. Var eðlilegt, að ákærði skildi aðgerðarleysi ráðuneytisins um mál þetta eftir endurgreiðsluna svo, að hann mundi eigi af þess hálfu þurfa að sæta frekari óþægindum af því en orðin voru. Virðist það og hafa legið í þagnargildi, þar til bækl-ingur skrifstofustjóra útvarpsráðs kom út 20. nóvember s.l. Þetta atriði getur að áliti réttarins eigi valdið sýknu, en hlýtur að metast ákærða til nokkurrar afbötunar.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ef um refsiverða sök sé að ræða í máli þessu, sé hún fyrnd.

Eigi fær þetta þó staðizt, þegar af þeirri ástæðu, að eigi liðu full tvö ár, frá því ákærði tók við síðasta hluta lántökugjaldsins 30. desember 1948, og þar til rannsókn málsins hófst 22. nóvember 1950.

Niðurstaðan verður því sú, að ákærði hafi með töku margnefnds gjalds gerzt brotlegur við 128. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans með tilliti til áðurnefndra málsbóta hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Jóhannesar Eliassonar, kr. 800.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þorbergsson, greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Jóhannesar Eliassonar, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.